

**Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**



Reykjavík, 12. nóvember 2004

**Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 90/2003 um tekju og eignarskatt (7. mál).**

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp er felur í sér að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18%. Markmið frumvarpsins er að bregðast við óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Auk þess sem lagabreytingin á að afla ríkissjóði aukinna tekna.

Verzlunarráð furðar sig á að þegar rætt er um auknar tekjur ríkissins, koma tvær leiðir oft fram á sjónarsviðið. Það er hækkun skatta eða aukin þjónustugjöld ríkisstofnana. Verzlunarráð vill stuðla að opinni umræðu um nýjar leiðir í skattamálum. Í stað þess að hækka fjármagnstekjuskatt til samræmis við tekjuskatt einstaklinga er hægt að lækka tekjuskatt einstaklinga. Frekari skattalækkun getur stuðlað að auknum skatttekjum. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja sýnir ótvírætt að ríkið getur lækkað skatthlutföll og skatta en aukið tekjur sínar um leið. Enn frekari skattalækkanir eru mögulegar, þar með talið tekjuskattur einstaklinga, tekjuskattur fyrirtækja, virðisaukaskattur og vörugjöld á bifreiðum. Verzlunarráð leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga og hvetur stjórnvöld þess í stað að huga að frekari skattalækkunum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

---

Sigbrúður Ármann